

100

HÆSTU FJÖLL LANDSINS

Venð í lausasölu 899 kr.

Nr. 1 - 5. Argangur 2007

ÚTIVERA

Tímarit um útivist og ferðalög

„HÁTINDA- HÖFÐINGINN

Ætlar á hundrað hæstu fjöll landsins á einu ári

LÉTTSTÍGUR **ARI TRAUSTI**

Lengst frá miðju jarðar



HAMINGJAN SANNA

FRA FIRDI TIL FJARDAR
SKÚTA OG SKÍÐI
a Hornstrondum

ÞÆGILEGRI VIST AÐ VETRARLAGI
KRAFTGANGA Á GRÆNLANDI
Á LEID Í VASA-HLAUPIÐ - REYNSLUSAGA
GAGNSLITLIR SNJÓFLÓDAYLAR

EILÍFDIN
ER HEIL EILÍFD
Sigrún Valbergsdóttir komst
i snertingu við eilifðina

NÁTTÚRAN
MEÐ AUGUM
Snævarrs Guðmundssonar

SÝSLUTINDARNIR
sigraðir

VEDUR OG
SIGLINGAR
eftir Þór Jakobsson

Búnaðarprófun

- Icebreaker merino-ullarnærföt
- Keðjur eða nagla undir skót

ISSN 16704262



9 771670 428005

Órion

Á hefðriku vetrarkvöldi stenst fátt samanburð við stjörnubjartan himininn. Nema kannski ef þar dansa einnig kvík norðurljós. Þegar farið er út fyrir raflysið byggðanna verður þessi staðhæfing skýr enda sjást þá margfalt fleiri stjörnur og auk þess greinist vetrarbrautarslæðan svonefnda en þetta móðukennnda belti stafar af skint milljóna stjarna sem eru of fjarlægar til þess að greinast með berum augum. Þessi stjörnumergð byggir stjörnukerfið okkar sem við nefnuðum vetrarbrautina. Því má segja að viðji maður sjá yfir „byggðina“ okkar í sinni stærstu mynd gefist ekki betra tækifæri til þess en á slikum vetrarkvöldum og er það næg ástæða til útiveru jafnvæl þótt það geti kulað örliðið.

Lærðu á svæði himinsins
þeir sem fara út í að kanna þessa byggð læra á stjörnuhimininn. Það nægir að kynna sér örfá stjörnumerki til þess að halda af stað og leita uppi

stjörnur og fjarlæg stjarnfyrirbæri. Fyrir mörgum vefst hvar best sé að byrja og hvernig skuli bera sig að en í raun er stjörnuskoðun sáraein föld og krefst ekki mikils tækjabúnaðar. Einföldum þetta og hugsun okkur að hlíninninn sé borg og að hvert stjörnumerki sé hverfi þar sem fjölmargir einstaklingar súa, í þessu tilfelli stjörnur. Alls sjáum við 53 slike „hverfi“ eða svæði (stjörnumerki) frá Íslandi að öllu eða einhverju leyti. Í þeim öllum finnum við af ýmsum ástæðum mismunandi áhugaverða einstaklinga, eða stjörnur, alveg eins og folk almennt og þeim viljum við kynna betur. Þar gefur að líta áhugaverðar „blokkir“ (stjörnuþyrpingar) og skoðunarverða útsýnissíði. Þegar við leitum þau uppi rekjam við leiðina frá inni stjörnu til annarrar í stað þess að aka götur. Einfaldara verður þetta ekki. Í stjörnumerkjunum finnum við stjörnur og fyrirbæri sem segja okkur ýmislegt um náttúruna og tilveru okkar. Það er í sjálfu sér ástæða út af fyrir sig til þess að kynna sér öll merkin er hér lárum við nægja að skoða eitt.




Texti og myndir:
Snævarr Guðmundsson
svarr@mmmedia.is

Í bókinni íslenskur stjörnuatlas er skýrt frá hvernig best sé að bera sig að við stjörnuskoðun og síðan er mælt með fjölda stjarnfyrirbæra til þess að leita uppi og skoða, með og án sjónauka. Fyrsta skrefið er að læra að þekkja auðþekkjanlegu stjörnumerkin og rekja sig síðan frá þeim á áhugaverð fyrirbæri. Flestum reynist auðvelt að finna Karlsvagninn en á kvöldin seinni hluta vetrar (frá því í janúar og fram í mars) er eitt stjörnumerki á kvöldhimminum auðþekktara en önnur. Þetta er Órion eða Veiðimaðurinn. Það er án nokkurs vafa eitt fallegasta kennileitið á næturhimminum og eitt fárra stjörnumerkjá sem sýna vel myndgervingu sem það lýsir.

Stjörnukortið hér áopnunni sýnir Órion og aðlæg stjörnumerki. Hafðu það með þegar þú leitar að Órion úti við og með hliðsjón af því ætla eg að benda á nokkur fyrirbæri sem gaman getur verið að þekkja. Stjörnumerklö Órion myndar sjö skærar stjörnur auk annarra sem eru nokkuð daufari en þó sjáanleg. Auðvelt er að finna

Tviburarnir



Fljótið

Órions eða Fjósakonurnar þjár eins og samstírnir nefnist á íslensku. Röð stjarnanna þriggja er afgerandi og ekkert samstírnir líkist því, séð með berum augum. Næsta skref er að almarka hinir stjörnur merkisins. Í mynda má sér linurnar á milli stjarnanna til þess að sjá út heildarmyndina. Þegar nánar er að gáð minnir afstaða stjarnanna óneitanlega á mannsmynd og engin furða þó að fornmann sœu þar risavaxinn velðimann. Björtu stjörnumar, Betelgás og Bellatrix marka axlin velðimannsins en Saiph og Rigel hnén.

Í grískri goðafræði var Órion prins og sá myndarlegasti sem uppi hefur verið. Hann var svo stórvaxinn og seglir sagan, að þótt hann gengi á sjávarbotni stóð höfuð hans upp úr. Varð hann rammur að affi og mikill velðimaður. Honum fylgdu hinir tryggstu velðihundar, lívert sem hann fór. Þegar þú ert viss um að hafa séð Órion er kominn timi til þess að gefa einstökum stjörnum gaum. Það skaltu gera með handkiki eða stjörnusjónauka.

Undir miðstjórn Fjósakvennanna er dafnari röð þriggja stjarna. Þetta

Betelgás α (alfa)

Orionis Takið eftir gulleitri stjörnunni. Betelgás er risavaxlin rauð stjarna. Hún er svo mikil að rúmmál að ef hún kæmi í stað sólar myndu reikstjörnur innra sólkerfisins ferðast á sporbaugum sínum innan í henni, sem myndi gleypa allar reikstjörnur innra sólkerfisins ef hún kæmi í stað sólar.

Rigel β (beta)

Orionis Risastjarna. Raunbirta Rigel er talin 47 000 sinnum meiri en sólar.

Mintaka δ (delta)

Orionis Vitt tvistirni. Ef hún er skoðuð í öflugum handkiki má sjá að þar eru tvær stjörnur í stað einnar.

Sverðópan (M 42)

Ljómboka. Með handkiki má greina þoku umhverfis stjörnuna θ (þeta) Orionis. Með öflugri sjónauka má aðgreina þetu í fjórar stjörnur. Þetta er þyrping ofurheitra stjarna sem er nefnd Traپisan.

Í bokinni íslenskur stjörnuatlas er visað á áhugaverð stjarmfyrirbæri í öllum stjörnumerkjum sem sjást á himninum sér frá Íslandi.

eru Fjósakarlarnir eins og þær nefnast á íslensku en undir áhrifum erlendra goðsagna þa er þetta sjálft Órions-sverðið og þarna er svæði sem er áhugavert að skoða vegna þess að þar sést bjartasta ljómboka himinsins. Þún er nefnd Sverðópan. Þessi fagra þoka tilheyrir miklu geimský i vetrarbrautinni og í grennd við það má sjá mörg forvilitileg fyrirbæri með

stjörnusjónaukum en sum þeirra eru nóg bljórt til þess að sjást í handkiki. Má vel gera sér í hugarlund hve miklu bjartari þau verða í stjörnusjónauka. Þegar þau eru síðan ljósmynduð birtast litir sem stafa af örvuðu gasinu sem myndar þokuna og rykögnum. Nokkur slík dæmi má sjá á meðfylgjandi myndum.

Sjónauki. Eitt kunnast fyrirbærið á himninum er þessi þyrping stjarna i stjörnumerkini Nautinu. Með berum augum má greina sex stjörnur en hæðið um 50 stjörnur.

Rósettan. Sérkennileg en aðar fogur ljómboka í stjörnumerkini Einhyrningi. Við bestu skilyrði má greina móðukenna þokunar með öflugum handkiki. Smáatriði sem hér sjást birtast hins vegar ekki nema í myndatökum.

Í grond við stjórnuna Alnitak er hin sérkennilega dimma þoka sem nefnd er Riddarþjókan. Þjarta stjarna er Alnilam. Þessar stjörnur eru í um 1200 jásara.

Sverðópan. Í handkiki má við góð skilyrði sjá grágræna þoku umhverfis stjörnuna θ (þetu) en þegar svæðið er ljósmyndað birtist ein fegursta ljómboka himins.